

Mál nr. 217/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður slasaðist er kviknaði í gasi í gasbrennara sem notaður er til að hita tjöru.

Gögn.

1. Málskot ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.8.2010.

Málsatvik.

Unnið var við malbikunarframkvæmdir á vegum V. Við verkið var notuð sérútbúin vörubifreið, en á palli hennar var tjörutankur fyrir malbik sem þarna var notað. Fyrir framan tankinn var sérstakur límpottur með þynntri tjöru sem notuð var til að skeyta saman gamalt malbik og nýtt. Á límpottinum var eldhólf með gasbrennara til að hita límið. Starfsmaður V hugðist kveikja á brennarannum. Hann hélt niðri takka sem opnaði fyrir gasstreymi til brennarans og bar eld með litlum gaskveikjara að brennarannum inni í eldhólfinu. Í sömu andrá stóð M, sem einnig var starfsmaður V, við hægri framhorn pallsins. Þegar kviknaði á brennarannum kom mikið eldhaf út úr hólfinu og barst í andlit M. Við það féll hann í jörðina og meiddist á hægri öxl auk þess sem hann brenndist í andliti.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um atvikið kemur fram að við skoðun á aðstæðum hafi verið gefin þau fyrirmæli að laga skyldi kveikibúnað fyrir brennarann. Í málskoti segir að starfsmaður V hafi kveikt á brennarannum með því að setja járnskóflu yfir bilaðan rofa til að hann héldist inni. Þegar loginn slokknaði hafi gas haldið áfram að seytla úr brennarannum. Þegar kveikja átti að nýju á brennarannum hafi sprenging orðið með fyrrgreindum afleiðingum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V sem hann hafði í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Skýrsla Vinnueftirlitsins í máli þessu er haldin miklum ágalla að því leyti að ekkert segir um ástæður þess að laga skyldi kveikibúnað fyrir gasbrennarann eins og fyrirmæli voru gefin um. Í gögnum málsins kemur heldur ekki fram í hverju bilun brennarans var fólgin að öðru leyti en því sem fram kemur í málskoti eins og að ofan greinir. Þeirri lýsingu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu X. Í ljósi þessa verður við það að miða að bilun hafi verið í gasbrennarannum og til að kveikja á honum og viðhalda loga hafi verið viðhöfð sú aðferð sem lýst er í málskotinu. Sú aðferð var hættuleg og til þess fallin að valda gassprengingu eins og raunin varð. Því ber V vinnuveitandaábyrgð á líkamstjóni M. Ekkert haldbært hefur komið fram í málinu sem gefur tilefni til að skerða bætur til M vegna meðábyrgðar hans.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 17. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.